



Bessastöðum, 19. júní 2019

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri  
Ráðhúsi Reykjanesbæjar  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbær

*Konni Kjartan!*

Við Eliza færum þér innilegar þakkir fyrir góðar móttökur í opinberri heimsókn okkar í Reykjanesbæ.

Dagskráin var afar fjölpætt og komið var inn á margar hliðar mannlífsins í ykkar glæsilega bæjarfélagi, bæði horft á þætti þar sem umtalsverður árangur hefur náðst, og þar mætti nefna skólamál, íþróttir og tónlist sem dæmi, en einnig horft til sviða þar sem sóknarfæri eru og gera mætti betur. Okkur fannst sérlega áhrifaríkt og ánægjulegt að sjá hve vel þið styðjið við bakið á mörgum þeirra sem eiga á brattann að sækja í lífinu. Nefna mætti Fjölsmiðjuna sem dæmi um það og raunar líka hið myndarlega félagsstarf eldri borgara.

Það var sérstök ánægja fyrir okkur að fá að vera með í setningu Listahátíðar barnanna í Duus húsum þar sem sýndur var árangur af frábæru verkefni þar sem efniviður, sem almennt er talinn til úrgangs, var nýttur í listrænum tilgangi; og þá var nú ekki amalegt að sjá hve glæsilega bæjarfélagið býr að sögulegum minjum bæði í Duus húsum, Gömlu búð og Víkingaheimum.

Svo var líka afar gaman að hitta að máli nemendur á hinum ýmsu skólastigum og myndarbragur fannst okkur vera á verkefnum í menntasetrinu Keili og hjá nýsköpunarfyrirtækjum í Ásbrú.

Margt fleira mætti nefna sem vakti athygli okkar, aðdáun og eftirtekt í þessari heimsókn og bið ég þig að færa samstarfsfólki þínu, sem að heimsókninni vann, kærar kveðjur og einlæggar þakkir okkar hjóna.

*Guðni Th. Jóhannesson*

Guðni Th. Jóhannesson